

## Fundargerð íbúafundar í Kelduhverfi 7. nóvember 2017

Hverfisráð Kelduhverfis hélt íbúafund í Skúlagarði þriðjudaginn 7. nóvember 2017 kl. 20:00. Mættir voru úr hverfisráðinu Daði Lange Friðriksson, Aðalsteinn Örn Snæþórsson, Sigurfljóð Sveinbjörnsdóttir, Guðríður Baldvinsdóttir og Salbjörg Matthíasdóttir. Frá sveitarfélagini mættu Kristján Þór Magnússon, sveitarstjóri og Gunnar Hrafn Gunnarsson, framkvæmda- og þjónustufulltrúi. Sveitarstjórnarmennirnir Óli Halldórsson, Gunnlaugur Stefánsson og Soffía Helgadóttir. Auk ofangreindra aðila mættu 15 íbúar Kelduhverfis (Sigurður á Tóvegg, Freyja í Mörk, Torfi í Mörk, Rúnar á Hóli, Hlynur úr Heiðarbrún, Guðmundur og Jóna úr Vogum, Inga úr Grásíðu, María úr Kílakoti, Stella frá Víkingavatni, Einar í Lóni, Ólafur og Rós María frá Fjöllum 1 og Guðmundur og Ragnhildur frá Fjöllum 2).

Formaður hverfisráðs, Daði Lange Friðriksson, setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hann stýrði sjálfur fundi og Aðalsteinn Örn Snæþórsson ritaði fundargerð.

### 1. Kynning á hverfisráði Kelduhverfis

Daði Lange kynnti hverfisráðið og Kristján Þór sagði stuttlega frá tilgangi og hlutverkum hverfisráðs.

### 2. Umræðuefni íbúa Kelduhverfis

EKKI voru fyrirfram ákveðin efni til að taka fyrir, heldur voru fundargestir beðnir um að nefna þau mál sem þeir vildu fjalla um. Farið var svo í málin í þeirri röð sem þau bárust.

#### a. Ljósleiðari

Fulltrúar sveitarfélagsins og sveitarstjórnar svöruðu spurningum fundargesta um stöðu og horfur með ljósleiðara. Fram kom að Norðurþing er að fara aðsenda inn umsókn um styrk til að leggja ljósleiðara frá Kelduhverfi og austur að Raufarhofn. Það ætti að skýrast í janúar hve mikið fjármagn fæst úr því. Stefnt er að því að tengja alla bæi. Íbúafundur hvetur sveitarfélagið til að vinna ötullega að framgangi þessa máls. Til eru upplýsingar um kostnað við að leggja ljósleiðara í Kelduhverfi og hverfisráð getur fengið þær upplýsingar.

#### b. Sorpmál

Margir íbúanna voru ósáttir með að ekki er boðið upp á flokkun sorps í Kelduhverfi. Eins og staðan er í dag er allt sorp úr Kelduhverfi urðað við Kópasker. Vilji er fyrir hendi að koma á flokkun í Kelduhverfi en það hefur ekki verið skipulagt enn. Hins vegar er samningurinn við Sel, sem sér um sorpflutninga og förgun í Kelduhverfi, að renna út um áramótin og þar skapast möguleikar á að gera breytingar. Íbúafundur hvetur sveitarfélagið til að taka upp sorpflokkun í Kelduhverfi.

#### c. Hitaveita

Staðið hefur til um langan tíma að leggja hitaveitu í hluta Kelduhverfis og nýta til þess vatn úr borholu norðan Skjálftavatns. Starfsmenn sveitarfélagsins greindu frá stöðu mála. Verkefnið er stopp eins og er, þar sem óvissa er um eignarhald lands þar sem

S.S. *ÞS*  
Sm. *OLF* *LP*

borholan er og því vantar viðsemjanda. Íbúar ítrekuðu mikilvægi þess að hitaveitumál fær að komast á hreint því margir væru að hugsa um aðrar lausnir og ef málið dregst lengur er hætt við að færri tækju inn hitaveitu.

#### **d. Neysluvatn**

Í framhaldi af umræðu um hitaveitu þá barst talið að neysluvatni. Vatnsveita í eigu íbúa er um neðri hluta sveitarinnar. Þeir bær sem eru austan Keldunesbæja eru hins vegar með sínar eigin borholur sem skapar mikið óöryggi.

#### **e. Brunavarnir**

Ekkert slökkvilið er í Kelduhverfi og þurfa slökkvibílar að koma annað hvort frá Kópaskeri eða Húsavík ef eldur er laus í sveitinni. Þess vegna er afar mikilvægt að huga vel að brunavörnum á bæjum. Lagt var til að fá slökkviliðsstjóra á íbúafund til að ræða þau mál.

#### **f. Meindýraeyðing**

Þeir aðilar sem séð hafa um hana hjá sveitarféluginu hafa staðið sem mjög vel, en eru að eldast. Íbúum finnst mikilvægt að passað sé upp á að ekki verði slakað á í eyðingu minks.

#### **g. Staða sauðfjárbænda**

Bændur lýstu stöðunni og hve staða þeirra hefði versnað mikið vegna lækkandi afurðaverðs. Sveitarfélagið hefur ekki aðild að ákvörðunum er varða afurðaverð en fundarmönnum fannst hins vegar mikilvægt að sveitarfélagið tali máli bænda sem gæti þá hjálpað þeim í þeirra baráttu. Annað sem kom fram í umræðunum var að það er alveg einstakt að í þessu sveitarfélagi eru reknar tvær afurðarstöðvar.

#### **h. Heimreiðar**

Fram kom að það var ekki öllum íbúum alveg ljóst hvernig skipan mála væri varðandi snjómokstur og lagfæringar heimreiða. Einnig kom fram að misræmi væri á skipulagi snjómoksturs eftir svæðum sveitarfélagsins. Það er því mikilvægt að samræma skipulag snjómoksturs í sveitarféluginu og kynna það íbúum. Viðhald heimreiða er í höndum Vegagerðarinnar og hvetur íbúafundur hana til að sinna því starfi betur í Kelduhverfi.

#### **i. Skólaakstur**

Skólaakstur var boðinn út og nýr aðili tók við í haust. Fram kom óánægja með nýgerðan samning um skólaakstur og tíðra skipta bílstjóra á fyrstu vikum skólaaksturs. Viðaukasamningur var í gildi þar sem leikskólabörnum stóð til boða að ferðast með skólabílum en ákvæði þess efnis var ekki hengt við nýgerðan samning. Það er reyndar ekkert barn í Kelduhverfi í leikskólanum í Lundi eins og er en þetta gæti verið hindrun fyrir því að fólk flytti í sveitina. Þá var einnig nefnt að skólabíllinn er fullur eins og staðan er í dag. Það er bagalegt þar sem það getur hindrað félagsleg tengsl nemenda í Kelduhverfi og öðrum hlutum skólahverfisins. Áður gátu nemendur

5.5.  
SM.   
PÖS OF

austan Jökulsár fengið far með skólabílnum í Kelduhverfi til að heimsækja vini en það gengur ekki nú þar sem bíllinn er fullur.

**j. Dettifossvegur**

Dettifossvegur mun hafa mikil jákvæð áhrif á ferðaþjónustu og almenn búsetuskilyrði í Kelduhverfi, en því miður hefur lagning hans dregist á langinn. Mikilvægt að sveitarstjórn ýti á um að hann verði kláraður sem fyrst.

**k. Strætisvagnar**

Strætisvagnar eru hættir að ganga austur fyrir Húsavík og þar með er skert þjónusta fyrir íbúa og ferðamenn.

**l. Ferðir eldriborgara**

Eldri borgurum í Öxarfirði er boðið að fara til Kópaskers einu sinni í viku en engar ferðir eru úr Kelduhverfi. Kanna þarf hvað veldur.

Að lokum voru íbúar spurðir hvaða leiðir væru bestar varðandi samskipti þeirra við hverfisráð og notuðu flestir tölvupóstur en margir eru ekki á facebook.

Fleira ekki rætt og fundi slitið,

Alastær Órn Snæbjörnsson  
Dadi Langur Finnbjörnsson  
Sæbørg Matthiassdóttir  
Sigrun Þórunn Þorsteinsdóttir  
Guðrún Þórunn Þorsteinsdóttir